

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skrifstofa umhverfisgæða
urn@urn.is

Reykjavík, 17. febrúar 2026

Efni: Umsögn Samorku um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, mál í samráðsgátt nr. S-3/2026

1. Inngangur

Samorka hefur tekið til umsagnar framangreind drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Samhliða hafa verið lögð fram í samráðsgátt drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs, þar sem markmiðið er að samræma og færa matvælaeftirlit til nýrrar stofnunar, sjá mál í samráðsgátt númer S-31/2026. Umsögn þessi snýr að hluta til að báðum þessum frumvörpum.

Samorka tekur undir þau meginmarkmið sem birtast í áformunum um að tryggja samræmi, einfalda starfsumhverfi og auka skilvirkni.

Samorka hefur um áráð lagt áherslu á það í allri nálgun sinni að stjórnsýsla, leyfisveitingar og eftirlit sé sem mest á einni hendi („One-stop-shop“) og að stofnanir hafi burði og getu til að sinna sínu starfi. Það er lykilatriði til að ná skilvirkni, tryggja gæði og jafnræði, nauðsynlegan aðgang að gögnum, yfirsýn og þekkingu og kemur í veg fyrir að á sama tíma sé verið að vinna á mörgum stöðum að leyfisveitingum fyrir sama verkefni á grundvelli sömu gagna.

Samorka fagnar að þessu leyti framangreindum áformum og telur þau í samræmi við áherslur Samorku.

Samorka telur hins vegar nauðsynlegt að draga fram og benda á að við flutning á verkefnum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga til annars vegar Umhverfis- og orkustofnunar og hins vegar nýrrar stofnunar sem sinnir eftirliti með matvælum þá mun eftirlit í tilviki vatnsveitna og neysluvatns sem nú er á einni hendi flytjast til fleiri aðila. Í því felst ákveðin hættu á að það regluverk sem tekur við verði flóknara en það sem nú er í og gangi þannig gegn markmiðum breytinganna.

2. Núverandi fyrirkomulag eftirlits og starfsleyfa vatnsveitna

Í dag er eftirlit með neysluvatni og útgáfa starfsleyfa til vatnsveitna að mestu í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Þetta fyrirkomulag er grundvallað á:

- **Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998**, sem veita heilbrigðisnefndum vald til eftirlits.

- **Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999**, sem felur heilbrigðisnefndum eftirlit með vatnsbólum.
- **Lögum um matvæli nr. 93/1995**, sem skilgreina neysluvatn sem matvæli og fela heilbrigðisnefndum matvælaeftirlit undir yfirumsjón Matvælastofnunar.
- **Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001**, sem kveður á um starfsleyfissskyldu vatnsveitna og gæðakröfur.

Þetta hefur þýtt að vatnsveitur hafa almennt átt einn megin tengilið, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, vegna eftirlits og starfsleyfa, þrátt fyrir að yfirumsjón hafi verið hjá Matvælastofnun annars vegar og Umhverfis- og orkustofnun hins vegar.

3. Boðaðar breytingar

Drögin að frumvörpunum boða flutning verkefna frá sveitarfélögum til ríkisins, sem í sjálfu sér getur verið til bóta með auknu samræmi og skilvirkni. Hins vegar er ljóst að þessar breytingar fela í sér áhættu sem þarf að draga fram og koma í veg fyrir í framkvæmd.

Skipting eftirlits og leyfisveitinga á tvær hendur: Með drögunum mun starfsleyfisveiting og eftirlit með vatnsveitum, sem áður var á einni hendi (heilbrigðisnefnda), skiptast á milli tveggja ríkisstofnana Umhverfis- og orkustofnunar og nýrrar matvælastofnunar. Þessi skipting getur leitt til aukins flækjustigs og óvissu fyrir vatnsveitur.

Hætta á tvítekningu eða ósamræmi: Þrátt fyrir að markmið frumvarpanna sé að skipta eftirlitssviðum skýrt, er hætt á að mörk milli hollustuhátta/mengunarvarna og matvælaöryggis verði óljós í framkvæmd, sérstaklega þar sem báðir þættir snerta beint gæði neysluvatns. Þetta gæti haft í för með sér samskipti við tvær mismunandi stofnanir um sama mál, ólík svör og mismunandi eftirlit. Þá er sömuleiðis sú hætt á fyrir hendi að gat komi í eftirlit ef engin stofnun telur sig bera fulla ábyrgð á ákveðnum þætti.

Minni skilvirkni og aukinn kostnaður: Fyrir vatnsveitur getur aukið flækjustig í eftirlitsumhverfinu þýtt aukinn rekstrarkostnað og minni skilvirkni. Það er mikilvægt að tryggja að breytingarnar leiði ekki til óþarfa kostnaðarauka sem að lokum mun lenda á neytendum.

4. Áhersla á framkvæmd og samstarf

Samorka leggur ríka áherslu á að í framkvæmd þessara breytinga séu allar leiðir farnar til að koma í veg fyrir þá áhættu sem að ofan er lýst. Þetta krefst:

- **Skýrrar verkaskiptingar:** Nauðsynlegt er að skilgreina nákvæmlega verksvið og ábyrgð hverrar stofnunar, sérstaklega þar sem mörk kunna að vera óljós.
- **Öflugs samstarfs:** Komið verði á formlegum og virkum samstarfsvettvangi milli Umhverfis- og orkustofnunar og nýrrar matvælastofnunar til að tryggja samræmda nálgun og upplýsingamiðlun.

- **Einfaldaðs ferlis:** Þótt eftirlitsaðilar verði tveir, þarf að tryggja að ferli fyrir vatnsveitur séu eins einföld og skilvirk og mögulegt er, t.d. með samræmdum eyðublöðum og einum tengilið þegar við á.
- **Samráðs við hagsmunaaðila:** Mikilvægt er að halda áfram virku samráði við hagsmunaaðila, eins og Samorku, við útfærslu breytinganna til að tryggja að sjónarmið vatnsveitna séu höfð að leiðarljósi.

Huga þarf vel að útfærslu á viðeigandi reglugerðum til að tryggja samræmt, einfalt og öruggt eftirliti og gott samstarfi stofnanna sem um ræðir.

Samorka er reiðubúin til samstarfs við stjórnvöld til að tryggja að umbætur á sviði eftirlits með neysluvatni skili sér í auknu öryggi og skilvirkni, án þess að skapa óþarfa stjórnsýslubyrði fyrir vatnsveitur.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur